



## Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði þriðjudaginn 18. febrúar 2014.

Fundur hefst kl. 11<sup>00</sup> í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 367. fundur sveitarstjórnar, 2. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

9. Umsókn frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi til vinnslu á grjótnámi í

Bólhraunum austan við Dýralækjakvísl.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

*Eygló greindi frá fundi í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Eygló var þar kosin formaður svæðisráðsins og er þar með fulltrúi í stjórn þjóðgarðsins.*

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Yfirdráttarheimild fyrir hjúkrunarheimilið Klausturhóla.  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að ábyrgjast yfirdráttarheimild fyrir hjúkrunarheimilið Klausturhóla að upphæð kr. 5.000.000, fimm milljónir, til eins árs.*

2. Lóð undir gámvöll við Iðjuvelli.  
Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar þess, við landeigendur að jörðinni Kirkjubæjarklaustur, að fá leigða lóð við Iðjuvelli undir gámvöll.

Sverrir lýsir vanhæfi sínu og vísar af fundi.

*Oddvita ásamt sveitarstjóra falið að leita samninga við landeigendur og ganga frá málinu.*

Sverrir kemur aftur inn á fundinn.

3. Styrkbeiðni vegna sumarferðar 2014, dags. 8. febrúar 2014, frá Félagi eldri borgara í Skaftárhreppi.  
Félagið óskar eftir styrk til sumarferðar að upphæð 100.000 krónur. Í áætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir 30.000 krónum.  
*Sveitarstjórn samþykkir umbeðna upphæð og verður mismunurinn til lækkunar á handbæru fé.*



4. Boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna móttunar landsskipulagsstefnu 2015 – 2026, dagsett 20. janúar 2014, frá Skipulagsstofnun.  
*Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og tilnefni Vigfús Þór Hróbjartsson sem fulltrúa Skaftárhrepps í verkefninu.*
5. Erindi frá íbúum Efri Steinsmýrar um breytingu á veglínu Meðallandsvegur, dags. 19. janúar 2014.  
Íbúar Efri-Steinsmýrar óska eftir því við sveitarstjórn að hún hlutist til um breytingar á veglínu Meðallandsvegur (204), þar sem vegurinn liggur svo nálægt bænum. Nú þegar hefur verið brugðist við beiðninni og hefur Vigfús Þór, fulltrúi skipulags- og byggingamála, verið í sambandi við Vegagerðina um breytingu á veglínunni og hefur unnið skýrslu til kynningar á framkvæmdinni. Vegagerðin hefur tekið vel í breytingarnar og má reikna með að veglínu verði breytt í tengslum við lagfæringar á veginum sem áætlaðar voru nú á vormánuðum.

*Sveitarstjórn tekur undir að breyta skuli veglínunni á þessum kafla þar sem hún muni auka öryggi vegfarenda um veginn og að tvær beygjur verða mildaðar mikið miðað við núverandi tillögu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við vegstæði nýrrar veglínu um Meðallandsveg 204.*

6. Staðfesting aðildar að rammasamningakerfi ríkisins 2014.  
*Sveitarstjórn staðfestir aðild Skaftárhrepps að rammasamningakerfi ríkisins 2014.*
7. Ljósleiðaravæðing í Skaftárhreppi erindi frá vinnuhópi, dags. 10. febrúar 2014.  
Vinnuhópur sem í sátu Hörður Davíðsson, Kjartan Magnússon og Jóhannes Gissurarson telur sig ekki hafa neitt fjárhagslegt umboð né heimildir til ákvarðanatöku með framhald undirbúnings ljósleiðaravæðingar í Skaftárhreppi og leggur því í hendur sveitarstjórnar að taka ákvörðum um framhald málsins. Hópurinn hefur skoðað möguleika á ljósleiðaravæðingu í Skaftárhreppi og kannað þær leiðir sem önnur sveitarfélög eru að stíga í þessum málum. Hópurinn komst að því að dreifbýlið hefur aðeins kost á ljósleiðara en þéttbýlið gæti haft fleiri möguleika til að auka gæði fjarskiptasambands heimila og fyrirtækja.

*Sveitarstjórn þakkar vinnuhópnum fyrir þeirra framlag til verkefnisins. Ljóst er að íbúar á suðvesturhorni landsins hafa fengið ljósleiðaratengingar í hús sín án þess að krafist hafi verið sérstakrar beiðni þar um eða greiðslu. Þó hefur suðvesturhorn landsins fleiri möguleika til góðra fjarskiptatenginga en flest önnur svæði landsins hvað varðar útvarps- og sjónvarpsendingar sem og farsíma- og internetsamband.*

*Til þess að heildarumfang verkefnisins verði ljóst í kostnaði, leggur sveitarstjórn til að unnin verði þarfa- og kostnaðargreining sem taki til alls sveitarfélagsins. Skaftárhreppur er landfræðilega mjög stór og vegalengdir miklar milli bæja. Vegna íbúafjölda er Skaftárhreppur ekki framarlega í röðinni í áætlunum fyrirtækja um endurnýjun lagna. Þó er mjög mikilvægt fyrir íbúa Skaftárhrepps að fá að standa jafnfætis öðrum íbúum landsins hvað varðar grunnþjónustu.*



*Í ljósi þess að eina leiðin til að bæta fjarskiptatengingar í dreifbýlinu er um mjög kostnaðarsamar ljósleiðaratengingar heim á bæi að ræða, mælist sveitarstjórn til þess við verkefnastjórn „Skaftárhrepps til framtíðar“, verkefnis í samstarfi við Byggðastofnun í tengslum við brothættar byggðir, að hún (verkefnastjórnin) taki málið upp við stjórnvöld að bæta fjarskiptatengingar í Skaftárhreppi.*

8. Ósk um lausn frá setu í sveitarstjórn, erindi frá Þórunni Júlíusdóttur. Þórunn Júlíusdóttir fulltrúi L lista óskar eftir lausn frá setu í sveitarstjórn Skaftárhrepps. Sveitarstjórn þakkar Þórunni samstarfið og óskar henni velfarnaðar í þeim störfum sem hún tekur sér fyrir hendur í framtíðinni. Rannveig Bjarnadóttir tekur sæti aðalmanns í sveitarstjórn nýr varamaður verður Gísli Kjartansson.

*Sveitarstjórn felur kjörnefnd að útbúa ný kjörbréf í samræmi við breytingarnar.*

9. Umsókn frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi til vinnslu á grjótnámi í Bólhraunum austan við Dýralækjakvísl. Umsókn Vegagerðarinnar er tilkomin vegna endurnýjunar brúar og varnargarða við Múlakvísl. Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og felur fulltrúa skipulags- og byggingamála að ganga frá leyfisveitingunni. Sveitarstjórn setur fyrirvara á staðsetningu fornminja bæjarstæðis Bólhrauna og biður um að staðkunnugir verði hafðir með í kortlagningu þeirra.

### **II. Fundargerðir til samþykktar.**

1. 96. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla, 3. febrúar 2014.  
*Fundargerðin samþykkt.*

### **III. Fundargerðir til kynningar.**

1. 476. fundur stjórnar SASS, 31. janúar 2014.
2. 812. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 31. janúar 2014.
3. 16. fundur stýrihóps um Rammaskipulag fyrir Suðurrhálendið, 23. janúar 2014.
4. 154. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 24. janúar 2014.
5. 1. fundargerð 2014, Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 20. janúar 2014.

### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Ábúðaskipti á jörðinni Breiðabólstað.
2. Ábúðaskipti á jörðinni Foss 2a.
3. Starfsleyfi urðunarstaðar Hulu b.s. á Skógasandi.



### V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslít

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 14:40.  
Næsti fundur boðaður með dagskrá þriðjudaginn 18. mars 2014 kl. 13:00.

---

Guðmundur Ingi Ingason

---

Jóhannes Gissurarson.

---

Þorsteinn M. Kristinsson

---

Sverrir Gíslason

---

Þórunn Júlíusdóttir.